**Menntaskólinn á Ísafirði**

# Skýrsla um innra mat skólaárið 2022-2023

**30. október 2023 / Matsteymi um innra mat tók saman**

# Efnisyfirlit

Matssamantekt ... 2
Skólamálaþing / stefnumótun – haust 2022 ... 2
Áfangakönnun – haust 2022 ... 2
Nýnemakönnun – haust 2022 ... 2
Stofnun ársins – haust 2022 ... 3
Foreldrakönnun – vor 2023 ... 3
Áfangakönnun – vor 2023 ... 3
Nemendaþing – vor 2023 ... 3
Tölulegar upplýsingar ... 4
Inngangur ... 5
Innra mat Menntaskólans á Ísafirði ... 5
Innra mat skólaárið 2022-2023 ... 5
Hlutverk, markmið og stefna ... 6

## Kannanir og annað mat 7

Skólamálaþing / stefnumótun – haust 2022 ... 7
Áfangakönnun – haust 2022 ... 15
Nýnemakönnun – haust 2022 ... 17
Stofnun ársins – haust 2022 ... 20
Foreldrakönnun – vor 2023 ... 22
Áfangakönnun – vor 2023 ... 24
Nemendaþing – vor 2023 ... **Villa! Bókamerki ekki skilgreint.**
Tölulegar upplýsingar ... 30
Lokaorð ... 33
Heimildir ... 34
Viðauki ... 35
Skólamálaþing / stefnumótun – haust 2022 ... 35
Nýnemakönnun – haust 2022 ... 48
Foreldrakönnun – vor 2022 ... 54

# Matssamantekt

## Skólamálaþing / stefnumótun – haust 2022

**Markmið:** Að fá hugmyndir um það frá nemendum og starfsfólki MÍ hvernig þau vilja sjá skólann þróast til framtíðar.

**Aðferð:** Nemendur annars vegar og starfsfólk hins vegar settust saman í hópum og skrifuðu niður tillögur og hugmyndir sínar um hvernig MÍ á að starfa í framtíðinni.

**Helstu niðurstöður:** Í heild séð snúast mjög margar tillögur, bæði frá nemendum og starfsmönnum, að einhverju leyti um betra verknám eða um einhverskonar tengsl á milli verk- og bóknáms. Margar aðrar og fjölbreyttar tillögur voru skrifaðar niður sem geta örugglega gefið hugmyndir fyrir mikilvægar breytingar á skólastarfi MÍ.

**Tillögur að umbótum:** Stjórnendur MÍ unnu úr tillögunum sem komu fram á þessu skólamálaþingi og sú vinna skilar sér í stefnumótun fyrir skólann.

## Áfangakönnun – haust 2022

**Markmið:** Að fá fram viðhorf nemenda til kennslunnar og vinnuálags í áföngum MÍ.

**Aðferð:** Rafræn spurningakönnun í Innu, með valkostaspurningum og opnum spurningum.

**Helstu niðurstöður:** 670 svör bárust sem er 37,3% svarhlutfall, þar af voru 83% dagskólanemendur og 17% fjarnemar. 67% nemenda telur vinnuálag hæfilegt. Í opnum svörum nemenda virtist stór hluti vera ánægður með kennsluna. Svörin voru einstaklingsbundin svo matsteymi um innra mat vann ekki sérstaklega úr svörunum heldur gerði hver kennari það fyrir sig. Kennarar gátu nýtt svörin til ígrundunar á kennsluna og til þess bregðast við og gera úrbætur í kjölfarið þar sem þess var þörf og gat orðið til gagns.

**Tillögur að umbótum:** Til að tryggja næst betri þátttöku í áfangakönnun þurfa allir kennarar að fá sérstaka áminningu á kennara- eða starfsmannafundi að láta nemendurna sína svara þessari könnun í kennslu hjá sér.

## Nýnemakönnun – haust 2022

**Markmið:** Að fá upplýsingar um upplifun nýnema af hvernig tekið var á móti þeim í skólann við upphaf haustannar, viðhorf þeirra til vinnuálags og upplifun þeirra af ýmsum þáttum skólastarfsins.

**Aðferð:** Rafræn spurningakönnun í Innu, með valkostaspurningum og opnum spurningum.

**Helstu niðurstöður:** Áberandi í þessari könnun er jákvætt viðhorf nýnema til skólans og hvað þeim líður vel í skólanum. Sérstaklega ánægjulegt er líka að virkni umsjónarkennara er núna miklu meiri og hversu margir nýnemar borða í mötuneyti. Reyndar segja fleiri nýnemar í þetta skipti að vinnuálagið sé of mikið.

**Tillögur að umbótum:** Við þurfum að kynna betur fyrir nemendum hversu mikil vinna liggur bak við hverja einingu eða við hvern áfanga samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla. Niðurstöður í þessari nýnemakönnun sýna mjög skýrt að nýnemar okkar eru með ranghugmyndir um vinnuálagið í námi við skólann.

## Stofnun ársins – haust 2022

**Markmið:** Að kanna starfsanda og starfsumhverfi MÍ?

**Aðferð:** Rafræn könnun lögð fyrir af Gallup.

**Helstu niðurstöður:** MÍ fékk sérstaka viðurkenningu „Hástökkvari ársins“. Svarhlutfall starfsmanna var áberandi hátt (87%). Einkunnir sem MÍ fékk í könnun Stofnun ársins hafa hækkað í öllum þáttum í samanburði við Stofnun ársins könnunina 2021. Af fimm verstu einkunnum er mest óánægja starfsmanna tengd þættinum „vinnuskilyrði“ (loftgæði, lýsing, hljóðvist).

**Tillögur að umbótum:** Kanna þarf hvað nánar hvað er nauðsynlegt að gera til að bæta vinnuskilyrði í Menntaskóla á Ísafirði, sérstaklega varðandi loftgæði, lýsingu og hljóðvist. Því er beint til stjórnenda.

## Foreldrakönnun – vor 2023

**Markmið:** Að kanna viðhorf foreldra til ýmissa þátta í skólanum

**Aðferð:** Rafræn spurningakönnun í Google Docs, með valkostaspurningum og opnum spurningum.

**Helstu niðurstöður:** Langflestir foreldrar eru ánægðir hvað varðar skólagöngu barna sinna í MÍ. Óánægja kom fram aðallega vegna fjarveru kennara á skólatíma.

**Tillögur að umbótum:**

- Stjórnendur skólans þurfa að móta stefnu og setja reglur svo að kennarar fari ekki í frí á skólatíma.
- Kanna þarf hver staðan er varðandi mat um helgar í mötuneyti MÍ.
- Þegar nemendafélag MÍ skipuleggir atburði eins og böll þar sem foreldrar eiga að vera í gæslu þarf fyrr að senda út beiðni eftir sjálfboðaliðum.
- Margir foreldrar hafa áhuga á forvarnarfræðslu. Hér þarf að kanna og ákveða hverskonar fræðslu fyrir foreldra á að halda og hversu oft. Þessu er beint til foreldrafélags (foreldraráðs) skólans.

## Áfangakönnun – vor 2023

**Markmið:** Að kanna viðhorf nemenda til kennslunnar og vinnuálags í áföngum

**Aðferð:** Rafræn spurningakönnun í Innu, með valkostaspurningum og opnum spurningum.

**Helstu niðurstöður:** 667 svör bárust sem er 45,7% svarhlutfall (dagskólanemendur = 77%, fjarnemar = 23%). 78% svarenda telur vinnuálag hæfilegt, lítið eða mjög lítið. Í opnum svörum nemenda virtist stór hluti vera ánægður með kennsluna.

**Tillögur að umbótum:** Við næstu áfangakönnunina þarf að fara í átak að virkja fjarnema að taka þátt. Ein tillaga er að hver kennari hringi í sína fjarnema til að hvetja þá að taka þátt í áfangakönnun. En þetta þarf að ræða fyrir fram við kennarana og stjórnendur.

## Skólafundur – vor 2023

**Markmið:** Að bæta skólaumhverfi MÍ

**Aðferð:** Nemendur annars vegar og starfsfólk hins vegar unnu saman í hópum til að ræða og skrifa niður tillögur um hvernig á að bæta skólaumhverfi MÍ.

**Helstu niðurstöður:** Ýmsar tillögur komu fram á þessum skólafundi bæði frá nemendum og starfsfólki sem gefa hugmyndir fyrir aðgerðir til að breyta skólaumhverfi MÍ.

**Tillögur að umbótum:** Stjórn MÍ þarf að vinna úr tillögunum sem komu fram á þessum skólafundi.

## Tölulegar upplýsingar

**Markmið:** Að fylgjast með brottfalli nemenda yfir skólaárið, skoða mætingu, fjarvistir og forföll og fylgjast með einkunnadreifingu. Í því skyni var horft til eftirfarandi matsspurninga:

**Matsspurningar:**

- Hver er brottfallsprósenta á skólaárinu 2022-20223?
- Hver er hlutfallsleg skipting mætinga, veikinda, seinkomu, leyfa og óútskýrðra fjarvista á skólaárinu 2022-2023?
- Hver er dreifing einkunna á skólaárinu 2022-2023?

**Aðferð:** Unnið úr tölulegum gögnum úr INNU

**Helstu niðurstöður:** Brottfall á haustönn var 7,53% og á vorönn 10,79%. Dreifing einkunnina á haust og vorönnum helst svipuð og verið hefur. Meðaleinkunn báðar annir er nálægt 7.

**Tillögur að umbótum:** Fjarnemum og nemendum í lotubundnu dreifnámi hefur fjölgað mjög við skólann undanfarið. Nú eru nemendur í dagskóla um þriðjungur af heildar nemendafjölda skólans. Þar sem brottfalls hlutfall er að jafnaði talsvert meira í fjarnámi en staðnámi er óraunhæft að skólinn hafi það markmið að heildarbrottfall haldist undir 5%. Því er beint til stjórnenda að setja raunhæfara markmið um minnkað brottfall.

# Inngangur

Menntaskólinn á Ísafirði var stofnaður 3. október 1970 sem bóknámsskóli með hefðbundnu bekkjarkerfi. Skólinn tók á sig núverandi mynd um 1990 þegar Menntaskólinn, Iðnskóli Ísafjarðar (stofnaður 1905) og húsmæðraskólinn Ósk (stofnaður 1912) sameinuðust í einn skóla sem þar með tók upp kennslu í ýmsum verknámsgreinum auk bóknáms til stúdentsprófs. Árið 1995 var gerður samningur við sveitarfélögin á Vestfjörðum um stofnun Framhaldsskóla Vestfjarða og var skólinn starfræktur undir því heiti til ársins 2000 að samþykkt var að færa nafn hans til fyrra horfs. Menntaskólinn á Ísafirði hefur því endurheimt sitt upprunalega heiti, þó að starfsemi hans hafi mikið breyst frá því hann var stofnaður. Hann er nú fjölbrautarskóli með áfangakerfi þar sem boðið er upp á framhaldsskólabraut, lista- og nýsköpunarbraut, iðnnám, starfsbrautir og bóknám til stúdentsprófs. Starfsbraut fyrir fatlaða nemendur er starfrækt við skólann.

Við upphaf haustannar 2022 voru alls 457 nemendur skráðir í skólann. 288 voru í fjar- og dreifnámi og 169 í dagskóla. Brottfall á haustönn var 7,53%
Við upphaf vorannar 2023 voru 447 nemendur skráðir í nám við skólann. 285 voru í fjar- og dreifnámi og 162 í dagskóla. Brottfall á vorönn var 10,79%

| | Haustönn 2022 | Vorönn 2023 |
|---|---|---|
| **Nemendur alls** | 457 | 447 |
| **Kennarar** | 38 | 32 |
| **Brottfall** | 7,53% | 10,79% |
| **Brautskráðir** | 29 | 50 |

**Tafla 1: Grunnupplýsingar um Menntaskólann á Ísafirði**

## Innra mat Menntaskólans á Ísafirði

Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008 kveða á um skyldur framhaldskóla til að vinna að innra mati, og birta hagsmunaaðilum niðurstöður mats. Innra mat Menntaskólans á Ísafirði fer fram í samræmi við stefnu skólans um innra mat og útgefna áætlun um innra mat.

## Innra mat skólaárið 2022-2023

Í matsteymi um innra mat skólaárið 2022-2023 sátu Hildur Halldórsdóttir aðstoðarskólameistari, Guðjón Torfi Sigurðsson stærðfræðikennari og sviðsstjóri raungreina og Stefan Gunther þýskukennari.
Stefnt er að því að matsverkefni og matsspurningar tengist þeim markmiðum skólans sem snúa að kennslu og námi. Kennslukannanir voru gerðar á báðum önnum til að kennarar gætu rýnt í eigin kennslu og fengið ábendingar frá nemendum. Á haustönn var gerð könnun meðal nýnema skólans um námið. Niðurstöður úr könnuninni *Stofnun ársins* hafa undanfarin ár verið nýttar í skýrslu skólans um innra mat. Könnunin var að þessu sinni lögð fyrir í október 2022. Á vorönn var lögð könnun fyrir forsjáraðila nemenda skólans. Er það gert til að kanna viðhorf forsjáraðila til þeirrar þjónustu sem börn þeirra fá og hvernig þeir upplifa kennslu og nám nemenda sinna. Skólamálaþing voru haldin bæði á haustönn og vorönn þar sem unnið var með framtíðarsýn og stefnumótun. Þá voru teknar saman tölulegar upplýsingar um brottfall úr áföngum, einkunnadreifingu og viðveru nemenda bæði á haust- og vorönn.

## Hlutverk, markmið og stefna

Menntaskólinn á Ísafirði er fjölbrautarskóli og starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92 frá 2008. Samkvæmt lögum um framhaldsskóla er hlutverk framhaldsskóla að stuðla að alhliða þroska allra nemenda, búa þá undir störf í atvinnulífinu og frekara nám, efla ábyrgðarkennd, víðsýni, frumkvæði, sjálfstraust og umburðarlyndi nemenda, kenna þeim að njóta menningarlegra verðmæta og hvetja þá til stöðugrar þekkingarleitar.

Menntaskólinn á Ísafirði leitast við að bjóða upp á fjölbreytt nám þar sem bæði er tekið mið af þörfum einstaklings og samfélagsins. Skólinn á í samstarfi við 13 framhaldsskóla á landsbyggðinni undir heitinu Samland, til að auka fjölbreytni náms við skólann. Auk þess sem gott samstarf er við fyrirtæki á norðanverðum Vestfjörðum vegna verk- og starfsnáms. Þá er einnig samstarf við Fræðslumiðstöð Vestfjarða sérstaklega er varðar raunfærnimat og undirbúning eldri nemenda fyrir frekara nám í verk- og starfsgreinum.

MÍ setur markmið til þriggja ára í stefnumiðaðri áætlun ríkisaðila. Markmiðin snúa að kjarnastarfsemi skólans og rekstri skólans. Nánar má lesa um markmiðin og leiðir að þeim í ársskýrslu skólans fyrir árið 2022 og finna má á heimasíðu skólans misa.is

# Kannanir og annað mat

## Skólamálaþing / stefnumótun – haust 2022

### Markmið

Dagskólanemar, starfsfólk og fulltrúi frá skólanefnd MÍ tóku þátt í þessu skólamálaþingi á haustönn 2022. Markmið og megintilgangur var að búa til framtíðarstefnu fyrir MÍ, þ.e.a.s. að móta hvernig við viljum sjá skólann okkar þróast til framtíðar. Þetta skólamálaþing var framhald af skólamálaþingi haldið í apríl 2022 þar sem almenn gildi MÍ voru ákveðin.

### Aðferð við gagnaöflun

Fimmtudaginn, 6. október 2022, var engin kennsla. Í staðinn hittust dagskólanemar kl. 9:00-11:00 og svo starfsmenn og Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir frá skólanefnd MÍ kl. 13:00-15:00 í Gryfjunni á skólamálaþing sem var skipulagt af Signýju Óskarsdóttur og Guðjóni Svanssyni frá fyrirtækinu Creatrix. Skyldumæting var í þessa stefnumótunarvinnu.

Fyrir hádegið var nemendum skipt niður í 18 hópa. Hver hópur sat við stórt borð, fékk veggspjald 84x61 cm með yfirskrift „Draumaskólinn okkar“ og átti að skrifa á þetta veggspjald hugmyndir um fjögur atriði: „Námið sem verður í boði“, „Svona verður námsumhverfið“, „Tæki og tækni í okkar skóla“, „Svona verður félagslífið“. Svo kynnti hver hópur sínar hugmyndir fyrir framan alla. Í lokin voru öll 18 veggspjöldin hengd upp á vegg í Gryfjunni.

Eftir hádegið var starfsmönnum skipt niður í 5 hópa. Sambærilegt eins og nemendurnir fyrr á þessum degi sat hver hópur af starfsmönnum við sérborð, fékk jafnstórt veggspjald eins og nemendurnir áður, reyndar núna með öðruvísi yfirskrift „Skólinn okkar“, og svo átti að skrifa niður á veggspjaldið hugmyndir um framtíð MÍ í eftirfarandi flokkum: „Námið“, „Kennsluaðferðir og skipulag náms“, „Náms- og kennsluumhverfi“, „Er eitthvað alveg nýtt?“. Þegar þessi hópavinna var búin kynnti hver hópur sínar niðurstöður fyrir framan alla þar sem hinir starfsmennirnir og fulltrúi skólanefndar MÍ notuðu í hvert skipti tækifærið að spyrja um og ræða þessar hugmyndir frekar. Svo voru veggspjöld starfsmanna hengd upp í starfsmannarými á efri hæð við hliðina á skólameistaraskrifstofu.

Stjórn MÍ mun skoða hugmyndirnar sem koma fram á veggspjöldunum og ákveða svo framhaldið.

### Niðurstöður

Margar og fjölbreyttar tillögur komu bæði frá nemendum og starfsfólki um hvernig Menntaskólinn á Ísafirði ætti að starfa í framtíðinni. Það sýnir að þátttakendurnir voru vel virkir í þessu hópaverkefni á skólamálaþinginu.

Í tveimur töflum, fyrir nemendur og starfsfólk sér, hér fyrir neðan eru taldar upp tillögurnar sem komu fram. Uppsetning og litir yfirskrifta / efnisatriða í þessum tveimur töflum er eins og á veggspjöldum nemenda og starfsfólks.

*Nemendur:*

Næstum því allar tillögur frá öllum 18 veggspjöldum nemenda koma fram núna. Svör sem koma ekki fram í þessari samantekt eru annaðhvort ekki læsileg eða alveg óraunhæf / ekki gagnleg (t.d.: „Það verður öll tækni sem er til í heiminum í skólanum“, „Það má drekka á böllum.“, „Allir lykta illa.“, ...). Ástæðan af hverju einhverjir punktar endurtaka sig í þessari upptalningu hér fyrir neðan er að þeir koma fram eins eða eru mjög líkir á fleiri en einu veggspjaldi, nefnilega frá mismunandi hópum; samt

eru þessi sömu svör talin upp hér ekki bara einu sinni heldur jafn oft og á veggspjöldunum í heild til að sýna vægi þessara punkta og áhuga nemenda á þessum atriðum.

<table>
<tr><th colspan="3">Draumaskólinn okkar</th></tr>
<tr><th>Námið sem verður í boði</th><th>Svona verður námsumhverfið</th><th>Tæki og tækni í okkar skóla</th></tr>
<tr><td>- stofnun og rekstur fyrirtækja<br>- grunnur að lögfræði<br>- sálfræði<br>- heimilisfræði/matreiðsla<br>- fatahönnun<br>- afbrotafræði<br>- uppeldisfræði<br>- fleiri tungumál<br>- naglafræði<br>- hárgreiðsla<br>- næringarfræði<br>- útivist<br>- sjálfsvörn<br>- inngangur að læknisfræði<br>- stjórnun<br>- inngangur að lögfræði<br>- meira staðnám<br>- fatahönnun<br>- meiri íþróttamenning<br>- fjölbreyttir listaáfangar<br>- advanced suðukennsla<br>- kennsla um fjölskyldu og heimilislíf (hvernig maður kemur fram við börn og elskendur til dæmis)<br>- kræklingaræktun<br>- fleiri tungumálaáfangar<br>- matreiðslubraut<br>- íþróttabraut (ekki eins og afreks)<br>- hárgreiðslubraut (öll ár)<br>- hestabraut<br>- bóndabraut<br>- bifvélavirki<br>- rafvirki (allt árið)<br>- þurfa ekki að klára nám á öðrum stað<br>- skrúðgarðyrkja<br>- prestabraut<br>- arkítekt<br>- tónlistarbraut<br>- grunnhagfræði<br>- spænska<br>- fjölbreytt bók-/verknám<br>- fleiri skapandi áfangar<br>- kynfræðsla<br>- matreiðsla með Dóra<br>- fleiri verklegir tímar í staðinn fyrir glærur</td><td>- kurteisi<br>- virðing<br>- skólasálfræðingur<br>- stofur hlýlegar<br>- mikið af sófum<br>- allir stólar á hjólum<br>- afþreying til þess að gera úti<br>- kósý<br>- fullt af bean bags<br>- þrif er skylda<br>- útrásarsvæði (fótbolti, körfubolti, minigolf, golfhermir, handbolti, bandý)<br>- kósý umhverfi<br>- meiri utandyrakennsla<br>- þægilegt umhverfi<br>- kynjaskipt og kynjalaus klósett<br>- aðstæður fyrir fólk sem vill vera í einrúmi<br>- fullur stuðningur þolenda (reka burt afbrotamenn og hjálpa þolendum)<br>- hvíldarherbergi<br>- garður með plöntum<br>- fiskabúr með litríkum fiskum<br>- trampólín<br>- nógu stólar<br>- þægilegri stólar<br>- öskur herbergi<br>- þögn herbergi<br>- chill herbergi (pool, sófi)<br>- þægilegri stólar<br>- litríkar stofur<br>- hjólaðstæða/bekkir<br>- yoga<br>- betri tengsli á milli kennara og nemenda<br>- þægilegri stólar<br>- hærri stólar<br>- betri loftræsting<br>- betri ofnar<br>- betra og nýrra bókakerfi<br>- nýrri sófar<br>- fleiri og betri baunapokar<br>- nikotínlaus skóli<br>- stórir gluggar<br>- búa til dýpri Gryfju</td><td>- hleðslustöðvar<br>- snjalltafla<br>- sjónvarp sem hægt er að horfa á<br>- PS5 í Gryfjunni<br>- 3d-prentun<br>- trampólín í skólanum<br>- hleðslustöð fyrir raftæki<br>- kerfi gert fyrir Macbook<br>- gott netsamband<br>- meira gert fyrir verknámsnema<br>- nóg af tölvum og annari tækni fyrir nemendur<br>- hætta með Microsoft<br>- hafa iPad fyrir nemendur<br>- hafa ljós, hurðir og gardínur tækni<br>- betri tæki í verkmenntahúsið<br>- iPad<br>- einangruð heyrnatól<br>- snjallúr<br>- nýir skjávarpar<br>- Moodle námskeið fyrir kennara<br>- góðar skólatölvur<br>- betra net<br>- betri vélar fyrir vélstjórn<br>- líffræðibúnaður<br>- góðir skjávarpar<br>- fleiri og betri innstungur<br>- betri hátalarar<br>- gamlir walkman fyrirlestrar<br>- læra á iPad í staðinn fyrir skjávarpa<br>- rafmagnsskrifborð<br>- nuddstólar<br>- sjálfsali (vending machine)<br>- nýlegri náttúruvísindatæki<br>- betra net<br>- tattoo vélar og stólar<br>- DJ borð<br>- landbúnaðar stuff (traktor, dýr)<br>- yoga dýnur<br>- góðar tölvur fyrir alla<br>- gott net<br>- spilastofa<br>- pláss fyrir hjólastóla</td></tr>
</table>

| | | |
|---|---|---|
| - fjölbreytni í vinnustarfsemi<br>- kósý stundatafla<br>- vélstjórn 1, 2, 3<br>- tónlist<br>- sjúkranám<br>- íþróttir/íþróttabraut<br>- líffræði<br>- ljóð<br>- raftækni<br>- logsuðu<br>- stálsmiði<br>- jarðfræði<br>- spænska<br>- Minecraft<br>- búfræði<br>- flugverkfræði<br>- íþróttafræði<br>- læknisfræði<br>- pólska<br>- arabíska<br>- stafsetning<br>- sálfræði<br>- hárígreiðsla<br>- leiklist<br>- táknmál<br>- fleiri tungumál (t.d. spænska, kínverska)<br>- sjálfsvörn<br>- læra um samfélagsmiðla<br>- fjármál<br>- læra að hakka<br>- Morse code<br>- tattoo skóli<br>- DJ skóli<br>- tálgunarskóli<br>- landbúnaðarframhaldsskóli<br>- ying yang skóli<br>- súrrealistaskóli<br>- bifvélavirkjun<br>- vélstjórn<br>- skipstjórn<br>- LGBTQ menntun<br>- rafvirkjun<br>- stálsmiði<br>- húsasmiði<br>- ekki danska<br>- læra um venjur í öðrum löndum<br>- bílasmiði<br>- bakarinn<br>- vélstjórn<br>- rafmagnsfræði<br>- fjölbreytt kennsla<br>- sauma/prjóna | - setja sófa í Gryfjuna sem við bjuggum til<br>- símalaus<br>- áfengislaus<br>- svefnherbergi<br>- fleiri sófar<br>- meira pláss fyrir frítíma (hanging spots)<br>- leiksvæði inni<br>- hangandi stólar (hanging chairs)<br>- svefnherbergi<br>- byrja kl. 10 á mánudögum og enda fyrr á föstudögum<br>- allt í tattoo vélum<br>- geggjað tónlist<br>- fullt af tréi<br>- læra að vera einn<br>- hafa stað sem er alveg hljóðlátur<br>- bannað að stríða öðrum<br>- meiri hjálp fyrir faltaða og fólk með greiningu<br>- kennarar spyrja nemendur hvort þeim vanti hjálp<br>- betri skólaráðgjafi<br>- það má segja sínar skoðanir í tímum<br>- bera tillitsemi við aðstæður<br>- við leyfum ekki ofbeldi og einelti<br>- vináttan og lærdómir<br>- ekki skóli fyrir kl. 10:00 og skólinn er ekki lengra en til kl. 14:00<br>- taka tillitsemi til fólks sem þarf að vinna í hljóðum<br>- taka vandamál hjá nemendum alvarlega<br>- skemmtilegt fólk<br>- cozy með sófum í hverri stofu og tónlist<br>- leiktæki og fjör<br>- sófar, sængur, koddar, rúm<br>- sjúkrabúnaður<br>- fatabúðir<br>- Joe and the Juice<br>- boltar til að sitja á fyrir ADHD pésa<br>- standa meira<br>- sófar í Gryfjuna<br>- þægilegri stólar<br>- hærri borð<br>- góðir sófar | - Fablab<br>- bílavélar<br>- bátavélar<br>- bakararofnar<br>- flatskjáir<br>- bíómyndir<br>- símar<br>- góðar tölvur<br>- allir fá kennslu um hvernig tæknin er notuð<br>- aðgangur að hljóðbókasafni<br>- góðar skólatölvur<br>- gott net<br>- gott netsamband<br>- þráðlaus hleðsla undir borðunum<br>- fleiri líffræðibækur<br>- 3d-prentun<br>- málmprentun<br>- betri tölvur<br>- sjónvarp til að horfa á anime<br>- dýratakki<br>- fá styrk fyrir tölvu<br>- róbót kennarar<br>- lyfta fyrir alla |

<table>
<tr>
<td>- almennilegt verknám<br>- táknmalsáfangi<br>- sjálfstæð vinna<br>- íþróttabraut<br>- iðnnám<br>- sjúkraliðabraut<br>- náttúruvísindabraut<br>- opin stúdentsbraut<br>- kynfræðslubraut<br>- Lego<br>- kóreska, japanska, kínverska (kúltúr og tungumál)<br>- nap class (tími sem við fáum að sofa)<br>- pólska fyrir bæði grunn og einstaklinga sem vilja læra meira<br>- LÍOL í staðnámi<br>- hönnun<br>- fatahönnun<br>- íþróttafræði<br>- kvikmyndagerð<br>- leiklist<br>- menningafræðsla</td>
<td>- góðir kennarar (hjálpsamir og skemmtilegir)<br>- böll (fleiri tegundir, grand ball)<br>- mörg hljóðfæri (eru bæði falleg og gera meiri stemmingu<br>- list (búa til fleiri myndir eða gera meiri listrænt umhverfi)<br>- sófar/stofusófar<br>- betri lýsing</td>
<td></td>
</tr>
<tr>
<th colspan="3">Svona verður félagslífið</th>
</tr>
<tr>
<td colspan="3">- meira félagslíf í frímínútum og hádeginu<br>- meiri afþreying eftir skóla<br>- gera fleiri hluti saman<br>- alltaf eitthvað að gerast (bíókvöld, ball, leikir/keppni, spilakvöld)<br>- fleiri íþróttadaga/útivistadaga<br>- allavega einn viðburður í viku þar sem allir koma að gera eitthvað skemmtilegt<br>- nóg af böllum<br>- fjölbreytt nemendaráð sem talar fyrir alla nemendur<br>- ekkert einelti eða ofbeldi<br>- kísur<br>- menningarvikur<br>- ekkert einelti<br>- allir eru vinir<br>- menntaskólapeysur<br>- hafa ís í gryfjusjoppunni<br>- virðing<br>- FIFA tournament<br>- party oft<br>- mikið af viðburðum<br>- viðburðir innan skólans<br>- poolborð í Gryfjunni<br>- PS5 í Gryfjunni<br>- virða alla sama hvaðan þau eru<br>- taka alla inn í hópinn<br>- virða hvort annan<br>- virða öll trúarbrögð<br>- ekki baktala<br>- jákvætt fólk<br>- engin drama</td>
</tr>
</table>

- friði
- að líða vel í skóla
- gera eitthvað skemmtilegt í frímínútum
- andvökunótt (kynjaskipt og saman)
- félagsmiðstöð
- eldri krakkar hætti að eigna sér borð
- þema eftir árstíðum
- allir eiga að vera kurteisir
- betri vinskapur
- fólk er gott við hvort annað
- staður fyrir krakka að hanga saman og leika
- hvetja einmana fólk að taka þátt
- ekki nemendaráð
- eitthvað fyrir alla
- góð þátttaka
- fleiri viðburðir
- fleiri nefndir
- félagsmiðstöð
- hafa það eins og það er í MÍ
- fleiri partý
- fleiri viðburðir

*Starfsfólk:*

Hér fyrir neðan eru svörin frá öllum fimm veggspjöldum starfsfólks MÍ. Svör sem endurtaka sig í þessari upptalningu hér fyrir neðan koma fram eins á veggspjöldum frá mismunandi hópum en eru samt talin upp ekki bara einu sinni hér heldur jafn oft og á veggspjöldunum í heild til að sýna vægi þessara punkta og áhuga starfsfólks á þessum atriðum.

| **Skólinn okkar** | | |
|---|---|---|
| **Námið** | **Kennsluaðferðir og skipulag náms** | **Náms- og kennsluumhverfi** |
| - Tjáning (aukin færni, t.d. frjáls skrif og að orða hugsanir sínar; þetta væri tækniþjálfun sem nýtist í öllum námsgreinum; tveir áhersluþættir: munnleg og skrifleg tjáning)<br>- aukin samþætting bóknáms og verknáms<br>- inngangur að verknámi er hluti af námi allra nemenda skólans<br>- iðnbyltingarhringurinn (bóknám, verknám, fablab)<br>- aukin samþætting milli áfanga og kennara<br>- hringrásarsamfélagið og þáttur okkar (mannréttindi, efnahagsskilningur, jafnrétti, ...)<br>- lifandi | - fleiri áfangar miðaðir að: verkefnum, sérhæfðum tækni- og færniþáttum<br>- hafa styttri áfanga í boði – færri einingar<br>- taka upp spannir (4 x á ári) eða þriggja anna kerfi<br>- fjarnám þarf að fá rými í starfi kennara<br>- skýrt námsmat / breyta námsmenningu<br>- fjölbreyttar kennsluaðferðir<br>- hópaskiptingar út frá þörfum og persónum, bæði kennarastýrðar og nemendastýrðar<br>- samþætting bók- og verkgreina<br>- fjölbreytni og sveigjanleiki með áherslu á vinnubrögð við margvíslegar aðstæður<br>- leiðsagnarnám með áherslu á virka þátttöku nemenda | - fjölbreyttari námsrými (ekki ein stofa fyrir hvert fag)<br>- umræðustofa<br>- sófaspjall<br>- lýsingarmöguleikar<br>- plöntur<br>- útinám<br>- námsferðir (styttri og lengri)<br>- fleiri stokkar með tvöföldum tímum<br>- nýtt verknámshús og tilheyrandi tæki og tól<br>- tengsl við atvinnulífið<br>- fjölbreytt umhverfi<br>- fjölbreytt<br>- öruggt<br>- sveigjanlegt<br>- virk tenging náms og atvinnulífs |

| | | |
|---|---|---|
| - krefjandi<br>- áhugavert þannig nemendur sjái tilgang<br>- skapandi<br>- tengsl við raunveruleikann<br>- hagnýtt nám<br>- núverandi námsframboð er uppfært miðað við þarfir samfélagsins á hverjum tíma<br>- öflug umhverfisvitund<br>- nýsköpun og þekking<br>- tengja nám við nærumhverfið (fiskeldi í sjó, útivist, náttúra, haf – fjöll)<br>- fjölbreytni í námi verkgreina<br>- fjölbreytt<br>- áhugavert<br>- þvert á greinar<br>- umhverfisþættir, endurnýting<br>- þarf að hafa tilgang, og nemendur upplifa að það nýtist þeim | - afmarkaðar (lotunám í stuttar einingar) tengdar lotur<br>- leiðsagnarnám<br>- umsagnir í stað einkunna<br>- opin vinnustund/kennslustund þar sem nemendur hafa aðgang að kennara<br>- auka samþættingu<br>- samvinna kennara þvert á áfanga/greinar<br>- atvinnulífið – samstarf<br>- námserfiðleikavænar kennsluaðferðir – einstaklingsmiðað nám – nemendamiðað<br>- leiðsagnarnám og fjölbreyttar kennsluaðferðir | - virk tenging náms við vísindalegt umhverfi<br>- sýningar sem endurspegla viðfangsefni<br>- nýtt verknámshús<br>- uppfæra og endurnýja tækjakost<br>- nýtt verknámshús<br>- kennslugögn í samræmi við nútímaþarfir og framtíð<br>- nýtt verknámshús, samtengt bóknámshúsi<br>- fablab miðja<br>- nemendavænt<br>- hleðslustöðvar<br>- vind- og vatnshelt húsnæði<br>- fjölbreytt vinnuaðstaða<br>- hátalarakerfi fyrir ritara |
| **Er eitthvað alveg nýtt?** | | |
| - spannakerfi<br>- fjórði iðnbyltingarhringurinn (verknám, bóknám, fablab)<br>- breyting á námsrými (fjölbreyttara)<br>- skólahundur (við skólastreitu, róar og dreifir huga)<br>- aukin samvinna milli skóla og skólastiga (fyrir nemendur, fyrir kennara – heimsóknir, gestakennarar)<br>- meiri sveigjanleiki hvað varðar stofur (gluggar, tjöld og hreyfanlegir veggir)<br>- nærumhverfi (fiskeldi í sjó)<br>- vistvænt<br>- tengja umhverfismál inn í alla áfanga | | |

## Tillögur um umbætur

Bæði nemendur og starfsmenn voru með margar áhugaverðar tillögur. Hér þyrfti skólastjórn að fara vandlega yfir samantektina í síðasta kafla til að kanna hvaða hugmyndir – jafnvel ef þær séu nefndar bara einu sinni einhverstaðar á þessum veggspjöldum – eru nógu góðar til að setja í framkvæmd.

### *Nemendur:*

Hér eru nefndar tillögur og hugmyndir sem koma fram oftar en tvisvar sinnum um eitthvert atriði eða ákveðinn málaflokk.

Áberandi er að mjög margar tillögur undir „Námið sem verður í boði“ tengjast verknámi: matreiðsla (3x) / bakarinn, hárgreiðsla / hárígreiðsla, naglafræði, fatahönnun (3x) / hönnun / sauma+prjóna, advanced suðukennsla / logsuðu, bifvélavirki (2x) / bílasmiði, rafvirkjun / rafvirki (allt árið) / rafmagnsfræði / raftækni, vélstjórn 1+2+3 / vélstjórn (2x), sjúkranám / sjúkraliðabraut, stálsmiði (2x),

flugverkfræði, tálgun, almennilegt verknám, iðnnám, skipstjórn, húsasmiði. Einhverjar tillögur jafnvel tengjast landbúnaði: kræklingaræktun, hestabraut, bóndabraut, skrúðgarðyrkja, búfræði, landbúnaðarframhaldsskóli. Tveir aðrir málaflokkar sem voru nefndir oft eru: fleiri tungumálaáfangar (m.a. spænska, pólska, kínverska) (9x) og svo íþróttabraut / íþróttafræði / meiri íþróttamenning (7x).

Varðandi efnisatriðið „Svona verður námsumhverfið" snúast flestar tillögur um þægilegt / kósý umhverfi og þægilegri stóla og sófa og bean bags. Svo koma fram nokkrar tillögur um að hafa stað í skólanum þar sem nemendur geta farið til að annaðhvort hvíla sig eða til að vinna í hljóðum. Svo snúast nokkrar tillögur um kurteisi, virðingu, að styðja þolenda, og að leyfa hvorki ofbeldi né einelti. Tillögur í síðasta málaflokknum í þessum dálki snúast um afþreyingu eins og að vera með útrásarsvæði (fótbolti, körfubolti minigolf, golfhermir, handbolti, bandý, trampólín, leiksvæði og leiktæki) eða öskur herbergi.

Málaflokkur sem er nefndur oftast undir „Tæki og tækni í okkar skóla" fjallar um góðar / betri skólatölvur. Næstflestar tillögur hér snúast um aðstæður í verknámi (meira gert fyrir verknámsnema, betri vélar fyrir vélstjórn, bílavélar, bátavélar, betri tæki í verkmenntahúsið). Svo vilja einhverjir nemendur fá betra netsamband í skóla, fleiri hleðslustöðvar og iPad.

Undir efnisatriði „Svona verður félagslífið" komu margar tillögur um meira félagslíf / fleiri viðburði (bíókvöld, ball, leikir/keppni, spilakvöld, kísur, hafa ís í gryfjusjoppunni, allavega einn viðburður í viku þar sem allir koma að gera eitthvað skemmtilegt, nóg af böllum, menningarvikur, fleiri íþróttadagar/útivistadagar, meiri afþreying eftir skóla, gera eitthvað skemmtilegt í frímínútum, staður fyrir krakka að hanga saman og leika, party oft, andvökunótt – kynjaskipt og saman, þema eftir árstíðum, kísur, menntaskólapeysur, FIFA tournament, poolborð í Gryfjunni, mikið af viðburðum, viðburðir innan skólans, PS5 í Gryfjunni, félagsmiðstöð (2x), þema eftir árstíðum, fleiri partý). Svo snúast margar tillögur um betri samskipti í skólanum (gera fleiri hluti saman, ekkert einelti eða ofbeldi, ekkert einelti, allir eru vinir, virðing, virða alla sama hvaðan þau eru, taka alla inn í hópinn, virða hvort annan, virða öll trúarbrögð, ekki baktala, jákvætt fólk, engin drama, friði, að líða vel í skóla, allir eiga að vera kurteisir, betri vinskapur, fólk er gott við hvort annað, eldri krakkar hætti að eigna sér borð, hvetja einmana fólk að taka þátt).

*Starfsfólk:*

Málaflokkurinn sem er oft nefndur undir yfirskrift „Námið" tengst verknámi og nærumhverfi (aukin samþætting bóknáms og verknáms; inngangur að verknámi er hluti af námi allra nemenda skólans; iðnbyltingarhringurinn [bóknám, verknám, fablab]; tengja nám við nærumhverfið [fiskeldi í sjó, útivist, náttúra, haf – fjöll]; fjölbreytni í námi verkgreina). Næst mest koma fram tillögur tengdar umhverfisvitund (öflug umhverfisvitund; umhverfisþættir, endurnýting) og um tilgang námsins (áhugavert þannig nemendur sjái tilgang; hagnýtt nám; þarf að hafa tilgang, og nemendur upplifa að það nýtist þeim).

Undir „Kennsluaðferðir og skipulag námsins" er fjölbreytni í kennsluaðferðum og leiðsagnarnám nefnd oftast (fjölbreyttar kennsluaðferðir, fjölbreytni og sveigjanleiki með áherslu á vinnubrögð við margvíslegar aðstæður, leiðsagnarnám með áherslu á virka þátttöku nemenda, leiðsagnarnám, námserfiðleikavænar kennsluaðferðir – einstaklingsmiðað nám – nemendamiðað, leiðsagnarnám og fjölbreyttar kennsluaðferðir) og líka að skipulag áfanganna yfir skólaárið gæti verið öðruvísi (hafa styttri áfanga í boði – færri einingar, taka upp spannir [4 x á ári] eða þriggja anna kerfi, afmarkaðar [lotunám í stuttar einingar] tengdar lotur).

Það sem starfsmennirnir nefna oftast (fjórum sinnum [!] á þessum fimm veggspjöldum) undir „Náms- og kennsluumhverfi" er að fá nýtt verknámshús.

Undir „Er eitthvað alveg nýtt?" kemur fram áberandi lítið frá kennurunum í samanburði við hin þrjú efnisatriðin hér fyrir ofan, bara níu punktar voru í heild skrifaðir niður á öllum fimm veggspjöldum samanlagt. Kannski var starfsfólkið að renna út á tíma til að skrifa meira. Vegna þess að þetta eru ansi

fáir punktar eru þeir nefndir hér allir, nefnilega: spannakerfi, fjórði iðnbyltingarhringurinn (verknám, bóknám, fablab), breyting á námsrými (fjölbreyttara), skólahundur (við skólastreitu, róar og dreifir huga), aukin samvinna milli skóla og skólastiga (fyrir nemendur, fyrir kennara – heimsóknir, gestakennarar), meiri sveigjanleiki hvað varðar stofur (gluggar, tjöld og hreyfanlegir veggir), nærumhverfi (fiskeldi í sjó), vistvænt, tengja umhverfismál inn í alla áfanga.

## Áfangakönnun – haust 2022

### Markmið

Þessi könnun var lögð fyrir alla nemendur skólans, bæði í dagskóla og í fjarnámi, í október 2022. Markmiðið var að finna út hvað gengi vel og líka að fá ábendingar hvað þarf að gera betur í kennslu hvers kennara. Niðurstöðurnar áttu þannig að styðja við aukin gæði kennslu við MÍ. Auk þess vill skólastjórn nota þessar kennslukannanir í starfsmannaviðtölum seinna á haustönn 2022.

### Aðferð við gagnaöflun

Könnunin var lögð fyrir rafrænt í Innu og var hún aðgengileg öllum nemendum skólans 19.–28. október 2022. Allir nemendur fengu tölvupóst um að taka þátt í könnuninni. Hvatningarpóstur var sendur út nokkrum sinnum á meðan könnunin var opin. Spurt var um hvað nemendum líkaði vel og hvað hefði betur mátt fara, hvort þau væru í dagskóla eða fjarnámi og hvernig þeim þætti vinnuálagið vera.

### Niðurstöður

Hver nemandi átti að svara þessari könnun fyrir hvern af sínum áföngum þannig að samanlagt hefði verið hægt að fá 1606 svör. Við könnuninni bárust 670 svör, og þar með var þátttakan 41,7%. Af þeim sem svöruðu voru 83% dagskólanemar og 17% fjarnemar.




**Mynd 1. Hlutfall dagskólanema og fjarnema af þátttakendum í áfangakönnun á haustönn 2022.**

Tveir þriðjungar svarenda (67%) telur vinnuálag hæfilegt eins og sést á myndritinu hér að neðan.

Hvernig finnst þér vinnuálagið í þessum áfanga? Athugaðu að í 5 eininga áfanga er gert ráð fyrir 4 kennslustundum og u.þ.b. 3 klst. af heimanámi vikulega.

1. (5) Mjög mikið **5%** (31/655)
2. (4) Mikið **18%** (118/655)
3. (3) Hæfilegt **67%** (438/655)
4. (2) Lítið **7%** (46/655)
5. (1) Mjög lítið **3%** (22/655)

Tölulegar upplýsingar

| | |
|---|---|
| Fj. svara: | 655 af 670 |
| Svarhlutfall: | 98% |
| Meðaltal: | 3,14 |
| Staðalfrávik: | 0,75 |




**Mynd 2. Mat nemenda á vinnuálagi í námi á haustönn 2022.**

Í opnum svörum nemenda virtist stór hluti vera ánægður með kennsluna. Svörin voru einstaklingsbundin, svo matsteymi um innra mat vann ekki sérstaklega úr svörunum heldur gerði hver kennari það fyrir sig.

## Tillögur um umbætur

Þátttakan í einhverjum áföngum að svara þessari könnun var ekki nógu góð. Auk hvatningarpósta þarf að ítreka við næstu áfangakönnun á kennara- eða starfsmannafundi að kennarar láta nemendurna sína svara áfangakönnun í kennslu. Það þýðir að nemendur fái u.þ.b. tíu mínútur í einhverri kennslustund hjá hverjum kennara til að fara í Innu og svara áfangakönnun.

## Nýnemakönnun – haust 2022

### Markmið

Tilgangur könnunarinnar var að fá upplýsingar um upplifun nýnema af hvernig tekið var á móti þeim í skólann við upphaf haustannar, viðhorfum þeirra til vinnuálags og upplifun þeirra af ýmsum þáttum skólastarfsins.

### Aðferð við gagnaöflun

Nýnemakönnun var búin til rafrænt í Innu og var opin þar frá 22. nóvember til 6. desember 2022. Könnunin náði til nemenda sem fæddir eru 2006 og hófu nám við MÍ haustið 2022. Til að tryggja hátt svarhlutfall var tími tekinn frá í kennslustund í áfanganum NÁSS1NN03 þann 22. nóvember til að láta nemendur svara könnuninni beint í kennslu.

Af 50 nýnemum við MÍ á þessari haustönn 2022 svöruðu 44 nemendur könnuninni og var svarhlutfallið þar með 88%. Þar af voru 17 stelpur (39%) og 27 strákar (61%). Svarhlutfallið hækkaði um 5% í samanburði við nýnemakönnun á haustönninni 2021 þar sem það var 83%.

### Niðurstöður

Spurningar og svör þessarar nýnemakönnunar er hægt að skoða allar nánar í viðauki hér í lok skýrslunnar.

Niðurstöðurnar í heild í þessari nýnemakönnun haust 2022 eru áberandi jákvæðar og sýna hvað starfsmenn MÍ leggja sig fram og vinna gott starf.

93% (2021 = 89%) af nýnemum fannst móttaka á nýnemadegi þann 17. ágúst 2022 góð eða mjög góð og undirstrika textasvör þetta viðhorf. Meirihluti eða 67% (2021 = 53%) segir að þeim hafi þótt nýnemaballið gott eða mjög gott; í einhverjum textasvörum kemur fram að í Gryfjunni var ekki nógu mikið pláss til að dansa og það hefði verið of heitt og tónlistin var ekki nógu fjölbreytt. Bara 16% (2021 = 22%) nýnema mættu ekki á ballið sem þýðir að 84% (2021 = 78%) tóku þátt sem er fín mæting. Almenn ánægja virðist vera með nýnemaferðina sem var í þetta skipti dagsferð til Dynjanda, á skrímslasafnið á Bíldudal og í sund á Tálknafirði þann 24. ágúst 2022, en 78% (2021 = 72%) segja að þeim hafi þótt hún góð eða mjög góð. Í nokkrum textasvörum kom fram að einhverjir nemendur vildu frekar hafa gist einhverstaðar; en þessar athugasemdir hafa greinilega ekki svo mikið vægi í heild séð af því að í nýnemaferðinni haustið 2021 var gist, en samt var ánægjan núna meiri en árið á undan þar sem einhverjir nemendur voru að kvarta um of langa gönguferð.

Meirihluti nýnema notar Innu og Moodle mjög vel. 86% (2021 = 89%) nemenda fara inn á Moodle á hverjum degi, 93% (2021 = 91%) segja að það gangi mjög vel eða vel að vinna á Moodle, einungis 2% segja að það gangi illa. Nemendur fara sjaldnar inn á Innu (30% á hverjum degi, 48% í hverri viku) sem er samt eðlilegt enda er Moodle námsvefur þar sem verkefni eru lögð fyrir og samskipti fara fram við kennara. Í Innu er utanumhald um námsferla nemenda. Spurt var hvort foreldrar/forsjáraðilar nýnema skoðuðu Innu og Moodle og segja 53% (2021 = 47%) svo vera en 30% (2021 = 44%) segjast ekki vita hvort svo sé.

Spurt var um vinnuálag í skólanum og fram kom að 50% (2021 = 58%) nýnema segja vinnuálagið mátulegt. 39% (2021 = 31%) allra nýnema upplifa mikið vinnuálag í skólanum og 5% (2021 = 7%) þykir vinnuálagið allt of mikið sem er samanlagt 44% (2021 = 38%). Þetta kemur á óvart af því að í spurningunni á eftir kemur fram að aðeins 18% (2021 = 11%) nemendanna verja 7 klukkustundum eða fleiri í heimanám á viku. 34% (2021 = 44%) nýnema verja 1-3 klukkustundum í heimanám á viku og 39% (2021 = 42%) þeirra nýta í það 4-6 klukkustundir. Í þessu samhengi passar vel að fara strax nokkrum

spurningum áfram í nýnemakönnunni – nefnilega þangað þar sem nemendur svara spurningum um vinnu með skóla og tómstundir. Þar kemur fram að 50% (2021 = 47%) nemenda vinna ekki með skólanum; það eru kannski þessi 50% sem svöruðu fyrr að vinnuálagið er mátulegt. Svo eyða 61% (2021 = 47%) nýnema 7 klukkustundum eða fleiri á viku á íþróttaæfingum / í listnámi / í björgunarsveitaræfingar. Kannski skýrir þetta síðasta atriði af hverju tölurnar sýna að nýnemar á þessari haustönn 2022 höndla vinnuálagið í skóla verra en nýnemar árið á undan af því að núna eru þeir meira uppteknir í öðru en áður. Í svörunum um svefn kemur fram að bara 23% (2021 = 29%) nýnema sofa að meðaltali 8 eða fleiri klukkustundir á nóttunni. Hér væri örugglega mikilvægt að fá sambærilegar tölur frá eldri nemendum til að finna út hvort þeir, með meiri reynslu í framhaldsskólanámi, höndla vinnulagið betur en nýnemarnir.

Ef við færum okkur aftur til baka í nýnemakönnunni og skoðum svörin varðandi umsjónarkennarann kemur fram að 86% (2021 = 58%) nýnema hafa farið í viðtal til umsjónarkennarans og 93% (2021 = 76%) þeirra fannst mjög gott eða gott að hitta umsjónakennarann sinn. Ánægjulegt er að sjá hvað þessar tölur hafa hækkað mikið í samanburði við árið á undan.

66% (2021 = 73%) svarenda segjast hafa nýtt sér þjónustu náms- og starfsráðgjafa og 93% (2021 = 98%) segjast vita hvernig hægt er að bóka viðtal hjá náms- og starfsráðgjafa.

Almenn ánægja virðist vera meðal nýnema með upplýsingaflæði frá skólanum, en 86% (2021 = 91%) þeirra telja það gott eða mjög gott.

Tölurnar varðandi mötuneytið líta áberandi betur út en árið á undan. Það er gleðiefni. Svo segjast núna 34% (2021 = 13%!!) nýnema borða í mötuneytinu alla daga vikunnar og 27% (2021 = 22%) segjast borða þar 2-3 daga í viku. Bara 7% (2021 = 20%!!) nýnema segist aldrei hafa borðað í mötuneytinu. Það segir okkur að maturinn í mötuneyti MÍ er mjög góður. Til hamingju, kokkur!

Farið er beint yfir spurningarnar um vinnu með skóla og tómstundastarf sem var skrifað um hér áður.

100% (2021 = 98%) nemenda eiga vini í MÍ og 91% (2021 = 82%) þeirra hafa eignast nýja vini hér í skólanum. Varðandi líðan nemenda segja 91% (2021 = 82%) nemenda að þeim líði vel eða mjög vel í skólanum; það eru 9% fleiri en haustið 2021 og 19%(!!) fleiri en haustið 2020. 9% (2021 = 16%) segja að sér líði hvorki vel né illa og enginn (2021 = 2%) segir að sér líði illa eða mjög illa. Þó að þessar síðustu tölur eru áberandi hærri en árið á undan sem er að sjálfsögðu mjög jákvætt þarf samt að hafa í huga að 2020 og 2021 voru Covid-takmarkanir í skólanum sem veldur að tölurnar hér eru ekki alveg sambærilegar.

Alveg síðast gætu nemendur skrifað niður athugasemdir eða ábendingar sem textasvar. Öll textasvör þar voru á jákvæðum nótum gagnvart skólanum!

## Tillögur um umbætur

Það eina sem hefur breyst áberandi til að skoða nánar í samanburði við árið á undan er að nemendum finnst vinnuálagið í skólanum of mikið. Það er eitthvað sem við þurfum að ræða betur, sérstaklega með tillit til kröfurnar í aðalnámskrá framhaldsskóla þar sem stendur:

„Öll vinna nemenda í framhaldsskóla skal metin í stöðluðum námseiningum og skal að baki hverri einingu liggja því sem næst jafnt vinnuframlag nemenda. Öll vinna nemenda í fullu námi veitir 60 framhaldsskólaeiningar (fein.) á einu skólaári eða 30 einingar á önn. Ein framhaldsskólaeining samsvarar 18 til 24 klukkustunda vinnu meðalnemanda, það er að segja þriggja daga vinnu nemenda

ef gert er ráð fyrir sex til átta klukkustunda vinnu að meðaltali á dag eftir eðli viðfangsefna og afkastagetu nemenda.“[1]

Þessar 18 til 24 klukkustundir á önn samkvæmt aðalnámskrá fyrir eina einingu eru 90-120 klst fyrir fimm einingar á önn. Og önnin hefur u.þ.b. 16 kennsluvikur (jafnvel ennþá færri af því að einhverjir frídagar eru þar á milli) sem þýðir að það eru 6-8 klst (sem inniheldur kennslustundirnar í skóla) fyrir fimm eininga áfanga á viku. Sem sagt, 6-8 klst á viku fyrir fimm einingar. Drögum við kennslustundirnar frá þessu eru u.þ.b. 2-4 klst eftir fyrir heimanám á viku í einum 5-eininga áfanga. Ef nemandi er í sex 5-eininga áföngum (= 30 einingar á önn) þá er allt frá 12 upp í 24 klst á viku mátulegur tími fyrir heimanám samkvæmt aðalnámskrá. Jafnvel ef tekin er alveg lægsta talan af þessu bili (12 klst á viku) sem hámark þýðir það að spurningin okkar í nýnemakönnun um klukkustundir á viku í heimanám („0“ --- „1-3“ --- „4-6“ --- „7-9“ --- „10 eða fleiri klukkustundir“) endurspeglar ekki kröfurnar í aðalnámskrá. Það ættu að standa hærri tölur í könnunni þar sem 12 klst sem ásættanlegur tími (sem sagt, lægsta talan og þarmeð lágmark af þessu bili 12-24 klst á viku samkvæmt aðalnámskrá) kemur fram sem meðaltal eins og t.d.: „0-5“ --- „6-10“ --- „11-15“ --- „16-20“ --- „fleiri en 20 klukkustundir“. Út frá þessum tölum þurfum við að kynna fyrir nemendum miklu betur í skólastarfinu hversu mikil vinna liggur bak við hvern áfanga á viku.

Það þýðir að niðurstöður í þessari könnun sýna mjög skýrt að nýnemar okkar eru með ranghugmyndir um vinnuálagið í þessu námi. Í áfangakönnun fyrr í þessari skýrslu sést mjög vel að eldri nemendur meta vinnuálagið alveg öðruvísi; þar er nefnilega spurt sömu spurningu fyrir alla árganga saman og bara 23% allra nemenda í skóla segja að vinnuálagið er mikið eða of mikið, og vegna þess að þessi tala í áfangakönnun inniheldur nýnema líka sem segja samkvæmt nýnemakönnun hér að vinnuálagið er svo mikið sést að tiltölulega fáir eldri nemendur meta vinnuálagið of mikið. Frá þessu sjónarhorni er mikilvægt og örugglega mjög áhugavert að bera saman nýnemakönnun og áfangakönnun hvað þetta varðar.

Við þurfum að ræða í þessu samhengi hvort við ættum kannski að fjarlægja spurninguna um vinnuálag úr nýnemakönnun yfirhöfuð af því að svörin eru svo hugræn. Mikilvægt varðandi álagið er að finna út hversu mikið nemendurnir virkilega gera fyrir skólann og það sýna klukkustundir á viku betur en almenn spurning um vinnuálag.

---

[1] Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011 – almennur hluti, Stjórnarráð Íslands, bls. 50 (https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MRN/Adalnamskra%20framhaldsskola_2_utg_breyt_2015_.pdf )

## Stofnun ársins – haust 2022

### Markmið

Könnunin Stofnun ársins metur starfsanda og starfsumhverfi stofnana, og nota má niðurstöður könnunarinnar til að skoða hvernig þessir þættir stofnunarinnar eru metnir í samanburði við aðrar stofnanir.

### Aðferð við gagnaöflun

Starfsfólk í a.m.k. 30% starfi við MÍ þegar könnunin var lögð fyrir var boðið að taka þátt í könnuninni. Starfsfólkið fékk tölvupóst frá Gallup um miðjan nóvember 2022 með slóð til að svara á netinu þessari könnun sem var svo opin frá 20. nóvember til 18. desember 2022.[2]

### Niðurstöður

Sérstaklega ánægjulegt er að Menntaskólinn á Ísafirði fékk í þetta skipti sérstaka viðurkenningu sem „Hástökkvari ársins".[34] Við útreikning á hástökkvurum er fyrst reiknuð raðeinkunn fyrir allar stofnanir á bilinu 1-100 og svo er reiknaður munur á raðeinkunn milli ára. Menntaskólinn á Ísafirði stekkur hæst allra, eða um 64 sæti. Þá er átt við sæti á raðeinkunninni. Heiðrún Tryggvadóttir skólameistari tók á móti viðurkenningunni við hátíðlega athöfn í Hörpu í Reykjavík þann 16. febrúar 2023.

Svarhlutfall starfsmanna MÍ var 87%[5] (var 69% árið 2021). MÍ var í 15. sæti af 57 stofnunum sem eru með 5 til 39 starfsmenn[6] (2021 var MÍ í 37. sæti stofnanna með 40 til 89 starfsmenn).

Í töflunni hér fyrir neðan eru teknir saman þættir sem eru metnir í Stofnun ársins. Að baki hverjum þætti liggja nokkur atriði sem metin eru á 5-punkta kvarða. Hver stofnun fær einkunn fyrir hvern þátt, en einkunnin er meðaltal svaratriða sem mynda þáttinn. Einkunnin er á bilinu 1-5.

| **Þáttur** | **Einkunn MÍ[7] (breyting frá 2020)** | **Stofnanir í sama flokki (framhalds- og háskólar)[8]** | **Allar stofnanir[9]** |
|---|---|---|---|
| Stjórnun | 4,62 (+1,09) | 4,22 | 4,13 |
| Starfsandi | 4,56 (+0,46) | 4,34 | 4,26 |
| Launakjör | 3,68 (+0,76) | 3,39 | 3,19 |
| Vinnuskilyrði | 4,03 (+0,22) | 4,06 | 3,91 |

---

[2] *Könnunin Stofnun ársins 2022 er hafin*, Gallup (https://www.gallup.is/fyrirtaeki-og-stofnun-arsins/), sótt 3. desember 2022

[3] *Hástökkvari ársins í Stofnun ársins*, misa.is (https://misa.is/frettir/Hastokkvari_arsins_i_Stofnun_arsins/), sótt 21. febrúar 2023

[4] *Stofnun ársins 2022*, Sameyki, bls. 5 (https://www.sameyki.is/library/Kannanir/Stofnun-arsins/2022-Stofnun-arsins/Sameyki-stofnun%20%c3%a1rsins%202022-netid%20(1).pdf), sótt 21. febrúar 2023

[5] *Stofnun ársins 2022, Ítarleg greining – Menntaskólinn á Ísafirði*, bls. 1; Gallup

[6] Skýrslan *Stofnun ársins 2022*, Sameyki, bls. 16 (https://www.sameyki.is/library/Kannanir/Stofnun-arsins/2022-Stofnun-arsins/Sameyki-stofnun%20%c3%a1rsins%202022-netid%20(1).pdf ), sótt 21. febrúar 2023

[7] *Stofnun ársins 2022, Ítarleg greining, Helstu niðurstöður – Þættir og breytingr frá mælingu síðasta árs, Menntaskólinn á Ísafirði*, bls. 3; Gallup

[8] *Stofnun ársins 2022, Ítarleg greining, Helstu niðurstöður – Samanburður þátta við allar stofnanir og stofnanir í í sama flokki*, bls. 4; Gallup

[9] *Stofnun ársins 2022, Ítarleg greining, Helstu niðurstöður – Samanburður þátta við allar stofnanir og stofnanir í sama flokki,* bls. 4; Gallup

| | | | |
|---|---|---|---|
| Sveigjanleiki vinnu | 4,34 (+0,37) | 4,10 | 4,20 |
| Sjálfstæði í starfi | 4,45 (+0,34) | 4,45 | 4,25 |
| Ímynd stofnunar | 4,39 (+0,50) | 4,19 | 3,88 |
| Ánægja og stolt | 4,68 (+0,62) | 4,44 | 4,23 |
| Jafnrétti | 4,51 (+0,52) | 4,45 | 4,31 |
| Heildareinkunn | 4,39 (+0,57) | 4,21 | 4,07 |

**Tafla 2: Meðaleinkunn MÍ á þáttum sem metnir eru í Stofnun ársins í samanburði við meðaleinkunn annarra stofnana.**

Áberandi í þessum niðurstöðum hér að ofan er að einkunnir frá MÍ hafa hækkað í öllum þáttum í samanburði við síðustu Stofnun ársins könnunina 2021, og einungis í þættinum „vinnuskilyrði“ er MÍ aðeins lægri en meðaltal stofnanna í sama flokki, og í öllum þáttum er MÍ hærri en meðaltal allra stofnanna.

**Fimm hæstu einkunnir stofnunar:**[10]

- Ánægja með matar- og kaffiaðstöðu = 4,79 (+0,51[11])
- Næsti yfirmaður minn virðir starfsfólkið mikils = 4,76 (+0,41)
- Ég get leitað til næsta yfirmanns míns ef ég þarf á því að halda = 4,76 (+0,28)
- Næsti yfirmaður minn er sanngjarn við starfsfólk = 4,76 (+0,44)
- Ég get mælt með vinnustaðnum sem góðum vinnustað við vini mína = 4,76 (+0,35)

Athyglisverð tilviljun hér að ofan er að fjórar af þessum fimm hæstu einkunnum hafa hækkað úr mismunandi tölum frá ári á undan þannig að þær eru alveg eins núna, og fimmta einkunn er næstum því eins.

**Fimm lægstu einkunnir stofnunar:**

- Telur þú vinnuveitanda þinn veita betri, svipuð eða verri launakjör en gert er á öðrum sambærilegum vinnustöðum? = 2,97 (+0,01)
- Ánægja með loftgæði = 3,55 (-0,12)
- Ánægja með lýsingu = 3,67 (-0,31)
- Ánægja með hljóðvist = 3,70 (-0,12)
- Ég á auðvelt með að taka sumarfrí/önnur frí á þeim tíma sem mér hentar = 3,77 (+0,45)

## Tillögur um umbætur

Þrjár af fimm lægstu einkunnum snúast um vinnuaðstæður (loftgæði, lýsing, hljóðvist) og hafa þær allar lækkað í samanburði við könnun Stofnun ársins 2021.

[10] *Stofnun ársins 2022, Ítarleg greining, Helstu niðurstöður – Samanburður þátta við allar stofnanir og stofnanir í sama flokki,* bls. 5; Gallup

[11] Tölur í svíga sýna mun á meðaltali stofnunar (MÍ) og meðaltali stofnana í sama stofnanaflokki (framhalds- og háskólar); t.d. „+0,51“ í svigum þýðir að með 4,79 liggur MÍ 0,51 prósentustigi hærra en 4,28 sem er meðaltal stofnana í sama stofnanaflokki.

## Foreldrakönnun – vor 2023

### Markmið

Gott samstarf á milli starfsfólks MÍ og forsjáraðila er mikilvægt til að tryggja árangursríka skólagöngu nemenda. Einnig sjá forsjáraðilar nám barna sinna frá öðru sjónarhorni en starfsfólk skólans. Þessi foreldrakönnun átti að fá fram viðhorf foreldra til ýmissa þátta í skólanum og utan hans.

### Aðferð við gagnaöflun

Á vorönn 2023 var foreldrakönnun búin til í googledocs og svo send sem slóð á aðstandendalista dagskólanema í Innu og var svo opin í tvær vikur frá 3. til 17. mars 2023. Þessi foreldrakönnun var send á forsjáraðila 114 nemenda; 55 svör komu til baka sem er 48% svarhlutfall.

Þessi foreldrakönnun samanstendur af 14 spurningum í fimm liðum: „Líðan nemenda og hegðun" (4 spurningar), „Þjónusta skólans og samskipti" (3 spurningar), „Upplýsingagjöf til foreldra" (3 spurningar), „Þátttaka foreldra, forvarnir og félagslíf" (3 spurningar) og „Væntingar til skólans" (1 spurning). Allar 14 spurningar eru opnar spurningar þar sem þátttakendur höfðu tækifæri að skrifa sín eigin svör, koma með ábendingar eða útskýra ákveðin atriði betur; en við 11 spurningar áttu foreldrar líka að haka við valmöguleika til að fá tölfræðilegar og tölulegar niðurstöður.

Sú aðferð að senda út viðhorfakönnun var notuð aðallega af praktískum ástæðum. Á þennan hátt er auðveldara að ná til stórs hóps og fá svör til baka á stuttum tíma.

### Niðurstöður

Áberandi er að flestir þátttakenda (89%) eru foreldrar af nemendum 17 ára eða yngri. Skýringin er m.a. sú að margir nemendur sem eru 18 ára eða eldri eru ekki lengur með netföng foreldra sinna skráð í Innu. Þess vegna var ekki hægt að senda þessa könnun á alla forsjáraðila eldri nemenda.

Í opnum svörum komu einhverjir punktar fram sem skólastjórn þarf að skoða:

- „Nokkuð mikil forföll kennara" / „Vil bara koma með ábendingu að það er eftirtektarvert hvað er mikil fjarvera kennara og hversu oft kennsla fellur niður en ef barn er veikt þarf að skila inn vottorði. Finnst þetta ekki gott fordæmi öll þessi fjarvera. Kennarar erlendis í fríi að kenna teams en börn missa úr og missa mætinga% ef þau eru í sambærilegu fríi." / „Annað – finnst alltof mikið um leyfi og forföll kennara. Koma meldingar í hverri viku."
- „Það mætti passa uppá að það sé nægur matur um helgar og ekki bara svínaálegg."
- „Mætti óska fyrr eftir sjálfboðaliðum í gæslu á böll. Slíkar beiðnir koma svo seint oftast 1-3 dögum fyrir ball og þá eru flestir komnir með plön."
- Margir foreldrar vilja meiri forvarnarfræðslu.

Ábendingarnar hér að ofan úr opnum spurningum um atriði sem þarf að bæta í skólastarfi eða að athuga eru áberandi fáar í þessari foreldrakönnun í samanburði við foreldrakannanir frá fyrri árum í MÍ. Það sýnir að yfirgnæfandi meirihluti forsjáraðila er núna mjög ánægður hvað varðar skólagöngu barna sinna. Þessi niðurstaða kemur líka fram á tölfræðilegan hátt úr svörum þar sem foreldrar áttu að haka við valmöguleika. Allar spurningar og öll svör eru í viðauka í þessari skýrslu til að skoða nánar.

### Tillögur um umbætur

Stjórnendur skólans þurfa að móta stefnu og setja reglur svo að kennarar fari ekki í frí á skólatíma. Þetta er mikilvægasta niðurstaðan úr þessari foreldrakönnun.

Kanna þarf hver staðan er varðandi mat um helgar í mötuneyti MÍ.

Þegar nemendafélag MÍ skipuleggir atburði eins og böll þar sem foreldrar eiga að vera í gæslu þarf fyrr að senda út beiðni eftir sjálfboðaliðum.

Stjórnendur skólans þurfa að ákveða hvort bjóða eigi upp á forvarnarfræðslu fyrir forráðamenn t.d. einu sinni á önn og um hvaða efni og á hvern hátt slík fræðsla fer fram (t.d. fyrirlestur í skólanum eða senda út slóð á slíkan fyrirlestur á netinu eða láta foreldrana fá fræðsluefni eða gögn með tölvupósti).

## Áfangakönnun – vor 2023

### Markmið

Þessi könnun var lögð fyrir alla nemendur skólans, bæði í dagskóla og í fjarnámi, í 131 kennsluhóp. Markmiðið var að finna út hvað gengi vel og líka að fá ábendingar hvað þarf að gera betur í kennslu hvers kennara. Niðurstöðurnar áttu þannig að styðja við aukin gæði kennslu við MÍ.

### Aðferð við gagnaöflun

Könnunin var lögð fyrir rafrænt í Innu og var hún þar aðgengileg öllum nemendum skólans frá 14. til 30. apríl 2023. Allir nemendur fengu nokkrum sinnum hvatningu í tölvupósti um að taka þátt í könnuninni á meðan könnunin var opin. Kennarar fengu tölvupóst að láta nemendurna sína svara þessari könnun í kennslu hjá sér til að tryggja hátt svarhlutfall. Spurt var um hvað nemendum líkaði vel og hvað hefði betur mátt fara, hvort þau væru í dagskóla eða fjarnámi og hvernig þeim þætti vinnuálagið vera.

### Niðurstöður

Af 1.463 mögulegum svörum í öllum kennsluhópum bárust 667 svör þannig að svarhlutfall var 45,7%. 77% svarenda voru dagskólanemar og 23% voru fjarnemar. Þar með var þátttaka dagskólanema nokkuð góð, en illa gekk að virkja fjarnema að svara þessari áfangakönnun.

Yfir tveir þriðjungar svarenda (68%) telur vinnuálag hæfilegt:

Hvernig finnst þér vinnuálagið í þessum áfanga? Athugaðu að í 5 eininga áfanga er gert ráð fyrir 4 kennslustundum og u.þ.b. 3 klst. af heimanámi vikulega.

1. (5) Mjög mikið **7%** (43/656)
2. (4) Mikið **15%** (100/656)
3. (3) Hæfilegt **68%** (445/656)
4. (2) Lítið **8%** (53/656)
5. (1) Mjög lítið **2%** (15/656)

Tölulegar upplýsingar

| | |
|---|---|
| Fj. svara: | 656 af 667 |
| Svarhlutfall: | 98% |
| Meðaltal: | 3,16 |
| Staðalfrávik: | 0,75 |




**Mynd 3. Mat nemenda á vinnuálagi í námi á vorönn 2022.**

Í opnum svörum nemenda virtist stór hluti vera ánægður með kennsluna. Svörin voru einstaklingsbundin svo matsteymi um innra mat vann ekki sérstaklega úr svörunum heldur gerir hver kennari það fyrir sig. Svo nota stjórnendur svör úr þessari áfangakönnun fyrir starfsmannaviðtölin.

### Tillögur um umbætur

Sérstaklega áberandi var einu sinni enn lágt svarhlutfall hjá fjarnemum í þessari áfangakönnun. Þetta hefur alltaf verið vandamál. Greinilega dugar ekki að senda þeim hvatningatölvupósta. Þegar næsta áfangakönnun fer fram þarf fyrirfram að ræða við stjórnendur og kennara til að ákveða hvaða átak myndi henda best til að hækka svarhlutfallið. Ein hugmynd er að hver kennari hringi í sína fjarnema til að hvetja þá að taka þátt í áfangakönnun.

## Skólafundur – vor 2023

### Markmið

Þema þessa skólafundar var „Umhverfið í skólanum okkar“, og bæði dagskólanemar og starfsfólk tóku þátt í honum. Markmið og megintilgangur var að bæta umhverfi skólans.

### Aðferð við gagnaöflun

Þessi skólafundur var haldinn fimmtudaginn, 27. apríl 2023, kl. 9:50-12:10 og fór fram í Gryfjunni og í kennslustofum MÍ. Skólastjórnin skipulagði þennan fund.

Nemendum var skipt niður í 12 hópa og í hverjum hóp voru 8 nemendur. Hver nemendahópur sát við sitt borð sér í Gryfjunni. Starfsfólki var skipt niður í 3 hópa og í hverjum hóp voru 7 til 9 starfsmenn. Hver starfsmannahópur vann sér fyrir sig í einhverri kennslustofu skólans. Í öllum nemenda- og starfsmannahópum var fyrirfram ákveðinn borðstjóri sem var nemandi í nemendahóp og starfsmaður í starfsmannahóp. Hlutverk borðstjóra var að sjá til þess að allt efni sé til staðar á borðinu (númer borðs sé vel sýnilegt, blöð séu á borðinu til að líma post-it límmiða á, pennar eða blýantar væru til fyrir alla) og að halda áætlun samkvæmt dagskrá fundarins.

Dagskrá fundarins var í fimm liðum bæði fyrir nemendur og starfsfólk eins:

1. kl. 9:50 nemendur og starfsmenn drógu sér hópanúmer til að tilviljunarkennt sé raðað niður í hópa
2. kl. 10:10 svara spurningunni „Hvað er gott í skólaumhverfinu?“
3. kl. 10:45 svara spurningunni „Hvað viljum við bæta í skólaumhverfinu?“
4. kl. 11:05 ákveða aðgerðaáætlun (í þremur liðum: Hvað er það sem kostar ekkert og við getum gert strax?, Hvað væri það næsta sem við viljum gera og gæti verið komið strax í haust?, Hvað er það sem við myndum vilja gera í framtíðinni?)
5. kl. 11:25 kynning á niðurstöðum hópanna

Hver hópur var með blöð á borði til að líma svörin á með post-it límmiða. Þessum blöðum var safnað saman í lok fundarins af skólastjórnendum til að taka saman svörin.

### Niðurstöður

Hér fyrir neðan fylgja samantektir af atriðum bæði frá nemendum og starfsfólki um liðina þrjá á dagskrá skólafundarins sem eru „Hvað er gott í skólaumhverfinu?“, „Hvað viljum við bæta í skólaumhverfinu?“ og „Aðgerðaáætlun“. Í þessum samantektum núna koma ekki öll atriði fram sem voru skrifuð á post-it límmiðana af því að einhver þeirra voru ekki læsileg eða ekki skiljanleg. Atriði sem komu fram oftar en einu sinni, þ.e.a.s. sem endurtóku sig eða komu fram mjög svipað á post-it miðunum, eru talin upp bara einu sinni hér.

*Nemendur:*

Margt jákvætt höfðu nemendurnir að segja um MÍ á skólafundinum:

| | |
|---|---|
| Fólkið: | nemendurnir, kennararnir, starfsfólkið, þjónustan, skilningríkir kennarar og bosses |
| Félagslífið: | Gryfjusjoppan, Sólrisuvikan, leikritið |
| Húsnæðið: | Gryfjan, bókasafnið, borðtennisborðið, klósettin, gott umhverfi, góð dósaumhirða, grjónapúðar á bókasafninu, kennslustofurnar, almennt hreint, tíðarvörur inni á baði, veggirnir, verkmenntahúsið |
| Námið: | byrja kl. 9:00, fjölbreytt efni og verkefni, einföldu tímarnir, enginn lokaprófskvíði, íþróttir, kennslustundirnar, verkmennt |
| Upplifunin: | fá að kynnast nýju fólki, pláss fyrir alla, Gryfjustemningin, fjölmenning, vinalegt andrúmsloft |
| Mötuneytið: | góður matur, matsalurinn |

Tillögurnar frá nemendum um hvað á að bæta eru eftirfarandi:

| | |
|---|---|
| Fólkið: | styðja geðheilsu hjá nemendum og kennurum, hjálpa kennurum að skilja nemendur betur |
| Félagslífið: | fleiri viðburði, betri þátttaka í félagslífinu, meira í boði, lækka verð í Gryfjusjoppunni |
| Húsnæðið: | sófar í Gryfju og verkmenntahús, betra internet, fleiri bílastæði, betri borð í stofu 8, betri verkfæri og tæki í verknámi, lífrænar tunnur, taka flygilinn og setja stóla í staðinn, fleiri borð í Gryfjuna, nýja stóla í stofur, stólar í verknámshúsinu, ofna í Gryfjuna |
| Námið: | Laga einkunnabók á Moodle (áfangi alls), ekki tvöfaldar kennslustundir í bóknámi, stærra verkmenntahús, fjölbreyttara nám (fjármálalæsi, matreiðsla, viðskiptafræði, læknisfræði), fundareyða kl. 11:05, fjölbreyttari daga, byrja skólann kl. 10:00, matartími kl. 12:00 og ekki 12:50, minni heimavinna, færri teygjur, fá tilkynningar um fjarvistir fyrr |
| Upplifunin: | ekki stríða öðrum, vera betri við aðra, meiri kærleiki |
| Mötuneytið: | betri matur, frír hafragrautur í nestinu, minna gúllas og sellerí |

Tillögur varðandi aðgerðir í þremur liðum til að bæta skólaumhverfinu eru:

| Strax | Í haust | Í framtíðinni |
|---|---|---|
| • meiri þátttaka í félagslífi<br>• fleiri viðburði<br>• lækka verðið í sjoppunni<br>• bæta við aukanefndum (stelpunefnd, Tiktok-nefnd, íþróttanefnd, ...)<br>• gera meira í fundareyðum<br>• styðja geðheilsu hjá nemendum og kennurum<br>• hjálpa kennurum að skilja nemendur betur<br>• fleiri borð í Gryfjunni<br>• stólarnir í verkmenntahúsinu<br>• sófar í Gryfjuna og verkmenntahúsið<br>• smokkavélin<br>• fleiri ruslatunnur<br>• hafa matinn hreinni (sósu og kjöt í sitt hvoru lagi)<br>• frír hafragrautur í nestinu<br>• bæta matseðil<br>• mötuneytið, aka grænmetisfæðið<br>• hætta með tvöfaldar kennslustundir<br>• hvernig kennslustundum er háttað<br>• aðgengilegra fyrir Makka<br>• láta vita fyrr þegar tímar falla niður<br>• 10 mín á milli tíma<br>• færa teygjutíma þar til seinna um daginn<br>• skólaviðburðir eiga ekki að taka tíma úr eyðum<br>• UMÁT ekki skylduáfangi<br>• fjölbreytni í námi (fara út, fara í leiki í einhverjum tímum)<br>• ekki stríða öðrum<br>• vera betri við aðra<br>• meiri kærleiki<br>• eitthvað gaman saman | • meiri dagskrá í fundareyðum<br>• Sólrisuviku að hausti líka<br>• sófa í Gryfjuna, bókasafn og verkmenntahús<br>• betra internet<br>• betri borð í stofu 8<br>• lífrænt rusl<br>• Pool-borð<br>• betri lýsing<br>• betra hátalarakerfi<br>• notalegri Gryfju<br>• laga klósett í verkmennt<br>• ólíkar kennslustofur<br>• fallegri veggir<br>• ekki hafa tvöfalda bóklega tíma<br>• fjölbreyttari daga<br>• betri verkfæri og tæki í verknám<br>• auglýsa stuðningsáfanga betur<br>• áfangar eins og hagfræði, fjármálalæsi, viðskiptafræði<br>• fleir lífsleikniáfanga<br>• lækka mætingarskyldu á afreks (ekki 95%)<br>• sjálfsstyrking<br>• minna vesen með Office | • fleiri bílastæði<br>• stærra verkmenntahús<br>• fá fleiri borðtennisborð<br>• lækka mætingaskyldu<br>• uppfæra inngang<br>• UV gardínur fyrir verkmennt<br>• félagsmiðstöð í MÍ<br>• Ipadar og pennar<br>• sófar<br>• fjölbreyttari matur<br>• breyta skólanum í 4 ár<br>• skíðadagur og skíðaferð<br>• afþreying<br>• betri aðstaða fyrir háriðngreinar |

*Starfsfólk:*

Margt jákvætt hafði starfsfólkið að segja um MÍ á skólafundinum:

| | |
|---|---|
| Fólkið: | nemendur, starfsfólk / samstarfsfólkið, mannauðurinn, hjálpsemi starfsfólks, fjölmenning, allir svo flinkir að nota sniðug rafræn tæki og tól |
| Félagslífið: | samfélagið, nýnemaferð, stóra borðið á kennarastofunni |
| Húsnæðið: | bókasafnið, göngin / undirgöng, heimavist, Gryfjan / veggmyndir í Gryfjunni, vinnustofan / kennarastofan / stofa 2, Fablab, |
| Námið: | fjölbreytt nám / fjölbreytt námsframboð, fjölbreyttir nemendahópar |
| Upplifunin: | góður andi / starfsandi, sorpflokkun / flokkunartunnur, fallegt umhverfi / náttúra / hafið / staðsetning / trjágróður, kaffið, píanó í Gryfjunni, |
| Mötuneytið: | gott mötuneyti, fjölbreyttur matur, |

Tillögurnar frá starfsfólkinu um hvað á að bæta eru eftirfarandi:

| | |
|---|---|
| Fólkið: | virkni nemenda, kennarar koma seint |
| Félagslífið: | meira líf og fjör hjá nemendum, fleiri ferðir, búa til notalegt „horn" á heimavistinni, göngutúr 2. hvern fimmtudag í stað kaffis, |
| Húsnæðið: | gróðurhús og kompost, sumar stofur kuldalegar, plöntur í Gryfju og ganga, henda rusli sem er á göngum og undirgöngum, fleiri ruslatunnur, merkingar / kort af skólanum, stillanleg kennaraborð (hæð), nýtt verknámshús / nýbygging á bílastæði, bætt aðgengi fyrir fatlaða í verknámi, glerskápar fyrir verknámsnemendur, skolplykt á gangi við Fablab, læsing í kennararýmið, betri töflur, kennslurými / stofa 2 / endurhanna stofu 2, gler í hurðum |
| Námið: | samþætta námið / samstarf milli greina, gera meira í nemendaverkefnum og lokaverkefnum, auka metnað í verknámi, vettvangsnám / nýta nærumhverfi í námi / auka + tengja samskipti skólans og atvinnulífs, samræmt heimildarskráningarkerfi, tengja verknám og bóknám, tækjakaup í verknámi / fá tölvur fyrir nemendur í verknámshús, nútímaleg verkfæri í stálsmiði, skipulag í verknámshúsi / málmsmiðastofu, grunnþættir menntunar á veggjum, virkur skjár í Gryfju, sáttmáli um símanotkun, endurnýja fartölvur og bókasafnstölvur, netið, hvar eru fyrirlestrar á Teams?, betri rými fyrir hópavinnu í stofunum, vinnuaðstaða í listkennslustofu, býflugnabú |
| Upplifunin: | spilaaðstaða (púsl, ...) / bætt aðstaða fyrir borðtennis og pílukast sambærilegt / píluspjald á kennarastofu, nuddstól á kennarastofu, slökunarrými / hljóðeingrað rými / slökunarherbergi, tómstundatæki fyrir nemendur, opna skólann, lóðin umhverfis / bekkir / gróðurkassar / kveikja á listaverki, mála framan á skólann „MÍ", lýsing, plöntur, heimskort og Íslandskort í stofur, hlýlegri skólastofur, kaffivél fyrir nemendur |
| Mötuneytið: | nýja stóla í mötuneytið, grænmetisréttir, kaupa ávexti og hrökkbrauð, hitastig í mötuneytinu |

Tillögur varðandi aðgerðir í þremur liðum til að bæta skólaumhverfinu eru:

| Strax | Í haust | Í framtíðinni |
|---|---|---|
| • göngutúr 2. hvern fimmtudag í stað kaffis<br>• plöntur<br>• gera meira í nemendaverkefnum og lokaverkefnum<br>• grunnþættir menntunar á veggjum<br>• virkur skjár í Gryfju<br>• sáttmáli um símanotkun<br>• mála framan á skólann „MÍ"<br>• heimskort og Íslandskort í stofur<br>• merkingar / kort af skólanum<br>• hitastig í mötuneytinu<br>• fleiri ruslatunnur | • gróðurhús og kompost<br>• henda rusli sem er á göngum og undirgöngum<br>• skolplykt á gangi við Fablab<br>• samræmt heimildarskráningarkerfi<br>• netið<br>• grænmetisréttir, ávextir og hrökkbrauð í mötuneytinu<br>• spilaaðstaða (púsl, ...) / bætt aðstaða fyrir borðtennis og pílukast og sambærilegt / píluspjald á kennarastofu<br>• kaffivél fyrir nemendur<br>• glerskápar fyrir verknámsnemendur | • stillanleg kennaraborð (hæð)<br>• nýtt verknámshús / nýbygging á bílastæði<br>• bætt aðgengi fyrir fatlaða í verknámi<br>• kennslurými / stofa 2 / endurhanna stofu 2<br>• læsing í kennararýmið<br>• betri töflur<br>• endurnýja fartölvur og bókasafnstölvur<br>• býflugnabú<br>• tengja verknám og bóknám<br>• tækjakaup í verknámi / fá tölvur fyrir nemendur í verknámshús<br>• nútímaleg verkfæri í stálsmiði<br>• skipulag í verknámshúsi / málmsmiðastofu<br>• betri rými fyrir hópavinnu í stofunum<br>• vinnuaðstaða í listkennslustofu<br>• slökunarrými / hljóðeingrað rými / slökunarherbergi<br>• lóðin umhverfis / bekkir / gróðurkassar<br>• hlýlegri skólastofur<br>• gler í hurðum |

## Tillögur um umbætur

Í niðurstöðunum í kaflanum hér á undan koma fram margar hugmyndir – bæði frá nemendum og starfsfólki – um hvað ætti að bæta í skólaumhverfinu. Skólastjórnin þarf að fara yfir þessa punkta til að ákveða hvaða þessara tillaga á að hrinda í framkvæmd.

## Tölulegar upplýsingar

### Markmið

### Viðmið / væntingar um niðurstöður

Stefna skólans hefur undanfarin ár verið að minnka brottfall og er viðmiðið að það haldist undir 5%. Unnið hefur verið með ýmsar sértækar aðgerðir til að sporna við brottfalli og námsráðgjöf og stuðningur við nemendur hefur verið markvisst aukin. Reynt er að ná til þeirra nemenda sem taldir eru í mestri hættu á að hverfa frá námi eða ná ekki að ljúka þeim einingum sem þau eru skráð í.

### Aðferð við gagnaöflun

Upplýsingar um brottfall eru fengnar úr nemendaumsjónarkerfinu INNU en þar er hægt að kalla fram fjölda eininga sem nemendur eru skráðir í við upphaf hverrar annar og þann einingafjölda sem lokið er. Út frá þeim gögnum er brottfallsprósenta reiknuð fyrir hverja önn. Upplýsingar um viðveru nemenda eru fengnar úr nemendaumsjónarkerfinu INNU. Skoðuð er viðvera nemenda í dagskóla.

### Niðurstöður

*Brottfall*

Brottfallið haustið 2022 var 7,5% og 10,79% vorið 2023. Þetta er svipað brottfall og var skólaárið 2021-2022. Enn er nokkuð í land að það markmið náist að vera undir 5% brottfalli á önn. Í töflu 3 má sjá tölur um brottfall í MÍ s.l. 4 frá haustönn 2019 til vorannar 2023.

| | HAUST 2019 | VOR 2020 | HAUST 2020 | VOR 2021 | HAUST 2021 | VOR 2022 | HAUST 2022 | VOR 2023 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| % | 7,3 | 10,3 | 8,3 | 9,9 | 8,3 | 6,3 | 7,5 | 10,8 |

**Tafla 3: Brottfallsprósenta frá haustönn 2019 til vorannar 2023.**

*Mæting*

Fylgst er með mætingum og fjarveru dagskólanema yfir skólaárið. Frá vorönn 2020 er unnið samkvæmt ákveðnu verklagi um viðbrögð og eftirfylgni með mætingum jafnt og þétt yfir hverja önn. Nemendur fá viðvaranir ef mætingin nálgast eða er komin undir 85% viðmið. Frá vorönn 2022 hefur verið tekin upp það vinnulag að sé nemandi kominn niður fyrir 85% mætingu á önn þá fær hann tilkynningu um fall í áfanganum. Nánar má lesa um eftirfylgni við mætingar nemenda í verklagsreglu – VER-0058 í gæðahandbók skólans. Í töflu 4 má sjá hlutfallslega skiptingu mætinga, veikinda, seinkomu, leyfa og óútskýrðra fjarvista á skólaárinu 2022-2023. Mæting batnar um tvö prósentustig milli anna en veikindum fjölgar aðeins. Þá eru leyfi fleiri en óútskýrð fjarvera töluvert minni.

| | HAUST 2022 | VOR 2023 |
|---|---|---|
| **Mæting** | 81% | 83% |
| **Veikindi** | 4,4% | 5,2% |
| **Of seint** | 1,7% | 1,6% |
| **Leyfi** | 3,2% | 5,7% |
| **Óútskýrð fjarvera** | 9,7% | 4,4% |

**Tafla 4: Viðveruskráning nemenda á skólaárinu 2022-2023.**

*Námsárangur*

Á árunum 2008-2018 var einkunnadreifing skoðuð með reglubundnum hætti og fjallað um niðurstöður í skýrslu um innra mat. Aftur var farið að skoða einkunnadreifingu með reglubundnum hætti frá haustönn 2020. Hér er skoðuð einkunnadreifing fyrir haustönn 2022 og vorönn 2023 og sjá má

